


Ársskýrsla 2012-2013



LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS

Ljóstækni­félag Íslands 2012-2013

Umbrot: Verkís hf. Útlit: Hönnunarhúsið ehf.



Frá aðalfundi LFÍ 2012 þar sem Daða Ágústssyni var veitt heiðursviðurkenning LFÍ

Skýrsla stjórnar Ljóstæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2012-2013

Aðalfundur

Aðalfundur Ljóstæknifélagsins árið 2012 var haldinn í húsakynnum Rafiðnaðarskólans að Stórhöfða 27 þann 29. mars.

Farið var yfir starfsemi félagsins á árinu og ný stjórn var kjörin. Daði Ágústsson fyrrverandi formaður Ljóstæknifélags Íslands var gerður að heiðursfélaga eftir áralangt gott starf fyrir félagið. Að loknum aðalfundi hélt Snærvarr Guðmundsson landfræðingur fyrirlestur um ljósmengun og úttekt sem hann gerði á ljóshjúpnunum yfir höfuðborgarsvæðinu. Óhætt er að segja að þetta hafi verið mjög fróðlegt erindi og kynnti nýja sýn á ljósið fyrir marga. Að þessu erindi loknu var kvikmyndin The City Dark frumsýnd á Íslandi. Kvikmyndin er sýn höfundar á stjörnunar og ljósmengun og hvaða áhrif hún hefur. Það var ekki síst áhugavert að sjá tengingu sem við lítinn nætursvefn og aukna tíðni krabbameins.



Viðburður í boði: Ljóstæknifélags Íslands

Dagsetning: 29.mars 2012

Tími: 17.15

Staðsetning: Hús Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1

Stjórn

Stjórn félagsins starfsárið 2012-2013 var því þannig skipuð eftir að stjórnin hafði skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfund:

- ✓ Guðjón L. Sigurðsson formaður
- ✓ Svanborg Hilmarsdóttir varaformaður
- ✓ Kristján D. Sigurbergsson gjaldkeri
- ✓ Jón Ísaksson Guðmann ritari
- ✓ Soffía Valtýsdóttir, fræðslufulltrúi
- ✓ Guðmundur Gunnarsson, ritsjórnarfulltrúi
- ✓ Halldór Steinsen, kynningarfulltrúi

Félagar

Í lok starfsársins eru félagar 220. Einstaklingar eru 185 og fyrirtæki eru 35. Af einstaklingunum eru heiðursfélagar 2 og nemendur 8. Gjaldfrjálsir félagar eru 16 talsins.

Í upphafi starfsárs voru félagar 226 og fækkaði því félögum um 6 á árinu. Einstaklingum fækkaði um 4 og fyrirtækjum um 2.

Fræðslufundir og fyrirlestrar

25. apríl 2012 – Ljóstvistar

Hinn kunni lýsingarhönnuður, Kevan Shaw hélt erindi um ljóstvistar fyrir félagsmenn Ljóstæknifélagsins. Fundurinn var vel sóttur og efnið fróðlegt. Kevan deildi 15 ára reynslu sinni af ljóstvistum með félagsmönnum en Kevan er fyrrum fagstjóri málaflökks umhverfisvænnar lýsingarhönnunar hjá PLDA, fagsamtökum lýsingarhönnuða. Kevan byrjaði að nota ljóstvistar í sínum verkum árið 1998 og hefur því talsverða reynslu af þessum ljósgjafa framtíðarinnar. Eins og margir þekkja benti hann á slæmar afleiðingar hita á ljóslit, ljósmagn og endingu ljóstvistar. Hann sagði ýmislegt benda til þess að nýtni ljóstvistar utan tilraunastofunnar færi ekki mikið ofar en 40-80 lm/w, hinsvegar væri líklegt að verð færi lækkandi á næstu árun enda væri það helsti þröskuldurinn fyrir almennri innleiðingu. Þannig væri T5 flúrlampi með tilheyrandi speglum ennþá hagkvæmasti kosturinn í innanhússlýsingu. Hann sagði algengt að lampar frá mismunandi framleiðendum og stundum sama framleiðanda sem sagðir væru með ljóslit t.d. uppá 2700 K á pappírnum væru í raun með sjáanlegan mun á ljóslit. Til að koma í veg fyrir óvæntar upptökur væri mikilvægt að prófa lampa sem ætlunin væri að nota og fullvissa sig um eiginleika þeirra.

S. Guðjónsson ehf styrkti komu Kevan Shaw til landsins og fá þeir bestu þakkir.



Frá fundinum með Kevan Shaw.



Eitt verka Kevans: Aspire tower í Qatar.

Nám í lýsingarfræðum

Námið í lýsingarfræðinni hefur tekið talsverðum breytingum og verið aðlagð þeim kröfum sem PLDA (Professional Lighting Designers Association) hefur gert til náms í lýsingarfræði og hönnun. Þetta hefur tekist ágætlega ef marka má nemendur en hér að neðan má sjá ánægðan hóp sem var að ljúka 2. ára námi í lýsingarfræði við Tækniskólann .



Frá vinstri til hægri:

Ólafur Á. Jensson, Daiva Tumaité, Anna Fr. Blöndal, Sólveig Guðmundsdóttir, Bjarnþór Harðarson, Sigurlín Baldursdóttir, Snorri Emilsson, Aðalgeir Hallgrímsson

PLD-C


Ljóstæknifélag Íslands er nú formlega samstarfsaðili PLDC (Professional lighting design convention) sem fram fer í Danmörku 30.10-2.11 árið 2013. PLDC hefur verið haldin frá árinu 2007 og fer fram annað hvert ár. Það er óhætt að segja að mikil ánægja hefur ríkt með þennan viðburð og hann hefur verið vel sóttur.



Norrænu lýsingarverðlaunin 2012

Norrænu lýsingarverðlaunin 2012 voru afhent á ráðstefnu norrænu ljóstæknifélaganna í nóvember. Það var verkefni frá Svíþjóð sem var hlutskarpast að þessu sinni. Verðlaunin voru veitt fyrir lýsingarhönnun við leikskólann Matildelund í Örebro. Það er Sweco sem á heiðurinn af lýsingarhönnun við þessa byggingu. Þeir lögðu áherslu á að fylgja hugmyndafræði Reggio Emilia sem leggur áherslu að börn nýti öll skilningarvit til örvunar á hæfileikum sínum. Dagsljós og rafljós er samþætt á hugvitssaman hátt og hvatt er til leiks með ljósið með snjöllum hætti.

Það er gaman að segja frá því að Harpa bílakjallari og sjávarsíða Álaborgar fengu heiðursviðurkenningar.



Helstu atriði frá NLC

Nordic lighting conference (NLC) fór fram í nóvember 2012. Ráðstefnan var að þessu sinni skipulögð af Norðmönnum og fór fram við Holmenkollen vetraríþróttasvæðið í Osló. Tæplega 300 manns mættu til að hlýða á fyrirlesara frá 10 þjóðlöndum. Óhætt er að segja að gæði fyrirlesara og efni fyrirlestra þeirra hafi verið á heimsklassa. Má þar t.d. nefna fyrirlestur Keith Bradshaw frá Speirs & Major í Bretlandi ásamt Daniel Rybakken frá Noregi sem hefur vakið alþjóðlega athygli fyrir ferska sýn í hönnun sinni.

Tveir fyrirlesarar voru frá Íslandi, þau Rósa D. Þorsteinsdóttir lýsingarhönnuður hjá Verkís og Guðjón L. Sigurðsson lýsingarhönnuður einnig hjá Verkís og formaður Ljóstæknifélags Íslands. Rósa fjallaði um myrurgæði og Guðjón fór yfir lýsingarhönnun við bílakjallara og almenningstorg Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúss.

Yfirskrift ráðstefnunnar var "The spirit of Nordic lighting" og fjölluðu margir fyrirlestrar um þetta efni út frá mismunandi sjónarhornum. Spurt var m.a. hvað er norræn lýsing, er hún sérstök og afhverju? Hvaðan fá norrænir hönnuður innblástur í hönnun sína? Hentar norræn lýsingarhönnun einungis fyrir norrænt fólk? Það var gaman að sjá hve mikil gróska virðist vera í menntun norrænna lýsingarhönnuða og voru lokaverkefni nemenda nokkura skóla höfð til sýnis.


Fjöldi fyrirtækja auglýstu þjónustu sína og búnað en aðalstyrktaraðilar ráðstefnunnar voru Zumtobel og Osram. Sú vara sem m.a. vakti athygli að þessu sinni var Philips Hue Wi-Fi LED ljósapera en henni má stjórna með "appi" úr snjallsíma.



Ljósmyndir: Rósa D. Þorsteinsdóttir

Ljóstvistar - Ljósstreymi vs Ljósstyrkur


Hér að neðan má sjá ágætis skýringarmynd af ljósstreymi og ljósstyrk og hvernig birta endurkastast af yfirborði og gefur ljóma til auga. Okkar félagsmenn kannast flestir við þessi hugtök. Það sem er hinsvegar vert að hafa í huga við notkun á ljóstvistum er hröð þróun linsutækni. Þess eru dæmi við samanburð að ljósgjafi sem hefur lægra uppgengið ljósstreymi gefi hærri ljósstyrk vegna betri linsutækni. Þetta er enn eitt atriði til að hafa í huga við notkun ljóstvista.



Teikning: Martin Klaasen


Vetrarhátíð

Vetrarhátíð í Reykjavík var haldinn í febrúar 2013 og var opnunaratriði hennar eftir Marcos Zotos sem var keyrt við undispil tónverksins "Cosmos" eftir Edda Egilsson. Það var margvíslegt í gangi á Vetrarhátíð 2013 en Reykjavíkurborg fyrirhugar að breyta nafni hennar í ljóshátíð á næsta ári og hefur falast eftir samstarfi við Ljóstæknifélagið um framkvæmd hennar.



Allsherjar fróðleikur um ljós

Danska ljóstæknifélagið hefur í samstarfi við Arkitektaskólann í Aarhus og Hönnunarskólann í Kolding og fleiri aðila nýlega hleypt af stokkunum nýjum fræðsluvef um ljós. Þessi vefur er stærsta samansafn fróðleiks um ljós í Danmörku. Margir styrktaraðilar tryggja að efni á þessum vef er frítt og aðgengilegt öllum áhugasömum. Óhætt er að segja að virkilega vel hafi tekist til. Gríðarmiklu fræðsluefni er skipt niður í 9 fræðsluvið sem hægt er að kanna nánar ásamt leitarvél. Auk þessa er hægt að setja saman sinn upphaldstexta af vefnum og setja í PDF skjal sem auðvelt er að prenta út.



Heimasíða

Skv. Vefmælingu á Google analytics þá erum við að fá 3690 heimsóknir á ári, þ.e. Frá 8 maí 2012 til 7 maí 2013 og þarna inní er ca 3 mánaða sumarfrí.

Þetta eru ca. 300 heimsóknir á mánuði og uppí 600 heimsóknir á mánuði. Fjöldi heimsókna hefur aukist talsvert frá því að við byrjuðum á þessum reglulegu dreifipóstum. Mesti fjöldi heimsókna á einum degi á árinu 2013 voru 106 heimsóknir þann 22. Mars síðastliðinn þegar við birtum frétt um innköllun LED pera í USA.

Þetta eru hvetjandi tölur sem bera vott um að það hafi verið rétt ákvörðun að byrja að senda út vikulega tölvupósta. Þetta gefur okkur vísbendingu um að við séum á réttri leið á þessu sviði.

Halldór Steinsen hefur haft umsjón með rekstri heimasíðunnar og þiggur hann allar ábendingar með þökkum varðandi nýtt efni og það sem mætti betur fara.

Fræðslunefnd

Í nóvember skipaði Fræðslunefnd Ljóstæknifélags Íslands í samstarfi við Fræðsluskrifstofu Rafiðnaðarins starfshóp um gerð nýrrar kennslubókar í lýsingartækni fyrir rafvirkja. Starfshópin skipuðu Heimir J. Guðjónsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Ísleifur Árni Jakobsson, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir og Halldór Steinsen, síðar kom Soffía Valtýsdóttir inn fyrir Halldór. Fyrsti fundur starfshópsins var þann 6.nóvember síðast liðinn, áætluð lok á starfi nefndarinnar er haustið 2013. Fljótt eftir fyrsta fund var mönnum ljóst að ekki yrði lögð í vinna við að gera nýja kennslubók sem taka ætti við af Kennslubók í Lýsingartækni eftir Leif Wall 2006 og Ljós og rými 2005 heldur var mikill vilji fyrir að byggja upp gagnvirknan kennslugrunn á netinu þar sem upplýsingar og kennsluefni yrði aðgengilegt öllum, horft var til vinnu Danska ljóstæknifélagsins um uppbyggingu fræðsluvefsins LYSVIDEN og Rafbók.is, netbókarsafn rafiðnaðarins. Markmiðið er að þróa námsefni á netinu um lýsingu sem ætlað er nemendum í lýsingarfræðum, símenntun, og fólks í lýsingageiranum.

Erlent samstarf

Haldnir voru tveir Nordlys stjórnarfundir á starfsárinu í Frankfurt í apríl 2012 og í Stokkhólmi í febrúar 2013 auk norrænu ráðstefnunar í Osló í nóvember 2012. Formaðurinn sótti þessa fundi og kynnti starfsemi félagsins og meðtók fréttir frá hinum Norðurlöndunum. Samstarf sem þetta er mjög nauðsynlegt fyrir okkur til að geta fylgst með því helsta sem er að gerast og fá aðgang að útgáfuefni frændþjóða okkar.

Lokaorð

Ljóstæknifélag Íslands verður 60 ára á næsta ári og það gefur okkur tilefni til að huga að tímamótum líkt og gert er á stórafmælum. Starfsemi félagsins hefur tekið breytingum í áranna rás með sínum hæðum og lægðum eins og gengur hjá áhugamannafélagi. Áður fyrr byggðist áhuginn að mestu á öllu er snerti tækni og tækniumhverfi eins og nafn félagsins ber með sér. Sama gildi um önnur lönd þar sem heiti sambærilegra félaga gaf tilvísun í ljóstækni en nú hafa nágrannar okkar breytt heitum sínum og heita «Dansk Center for Lys» og «Lyskultur». Ég tel að fyrr eða síðar þurfum við að endurskoða okkar grundvöll og athuga hvort nafnið eigi ekki að höfða til breiðari hóps áhugamanna um ljós og lýsingu. «Tækni» í nafni félagsins fælir í burt hóp fólks sem finnur ekki samsvörun í því sem það hefur áhuga á, þó örugglega megi finna eitthvað við allra hæfi sem viðkemur lýsingu.

Nú hef ég starfað sem formaður í félaginu í þrjú ár og átt frábæran tíma með skemmtilegum og gefandi hópi fólks sem flest hafa haft brennandi áhuga á lýsingu. Það er ómetanlegt að fá tækifæri til að starfa við eitthvað sem á næstum hug manns allann og fá að skynja þá ástríðu sem í því felst. Nú er samt svo komið að tíminn er ekki óþrjótandi og aðrir hlutir eru farnir að kalla orkuna meira til sín en maður getur gefið frá sér. Ég er svo heppinn að tilkallið kemur frá vinnunni að mestu en þar eru mörg krefjandi og spennandi verkefni framundan í lýsingarhönnun. Að svo mæltu hef ég ákveðið að biðjast lausnar, þó ég eigi eitt ár eftir, og eftirlæt öðrum þetta skemmtilega starf en ég fæ vonandi að láta í mér heyra við og við.

Ársskýrsla LFÍ 2012-2013